



Séð yfir Þjórsá nálægt Víðihlíð

Ljósmynd: Ámundi Loftsson

Athugasemdir vegna:

Þingskjal 273 — 244. mál.

Tillaga til þingsályktunar um breytingu á þingsályktun um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða, nr. 13/141 .

Umsögn frá

Kristínu Ásu Guðmundsdóttur
kt. 100561-3609
Lindarhvammi 4
220 Hafnarfirði

Hafnarfirði, 4. nóvember, 2014

Ég geri athugasemdir við ofangreinda þingsályktunartillögu:

1. Ég geri athugasemd og mótmæli því að Hvammsvirkjun í Þjórsá sé færð úr biðflokki í nýtingarflokk, og því að gegndarlaust sé ráðist að Þjórsá til að halda fyrirtækinu Landsvirkjun uppi. Ásókn Landsvirkjunar í Þjórsá er til marks um það að virkjanir borga sig ekki betur en það, að það þarf stöðugt að ráðast í nýja og nýja virkjun, hverja á fætur annarri, alltaf fleiri og fleiri og raska náttúrunni meira og meira óafturkræft til að fyrirtækið rúlli, eða stjórnendur þess séu ánægðir. Þetta er ekki sjálfbærni, heldur nýlendustefna, hrein og klár hráefnaupptaka og arðrán úr framtíð Íslands í dulargervi „grænnar“ orku og mótvægisáðgerða. Þær eru til skiptis

tilraunamennska og glæfrar, það sýnir sagan, sbr. dauða fiska í Lagarfljóti til dæmis, og sýnir hugarflug, óskhyggju og ímyndun þeirra sem aldrei er orða vant, eða peninga, án tillits til umhverfisins og íbúanna. Þessu verður að linna.

2. Ég bendi á hvernig ásókn Landsvirkjunar í að virkja á Þjórsársvæðinu er tilræði við frið og eindrægni innan samfélaga þar sbr. það hefur nú þegar sýnt sig. Ég geri athugasemd við og mótmæli ásælni, eiginhagsmunasemi, þaulsættni og græðgi Landsvirkjunar á kostnað friðar meðal sveitafólks við Þjórsá og sem íslenskri náttúru sunnanlands hefur stafað stórhætta af í yfir 40 ár.
3. Ég geri athugasemd á hundsun á því atriði að kanna áhrif virkjana á samfélag hefur orðið til þess að einungis virðist vera tekist á um að þyrma Þjórsá - eða ekki – „þjóðhagslega“, en ekki vegna áhrifa á samfélag og ekki vegna þeirrar náttúrufegurðar, friðsældar og tignar sem Þjórsá í byggð ber með sér og allir sem á annað borð kæra sig um að kannast við það, þekkja og kunna að meta. Landslag er upplifun, landslag er bundið sögu og hefð órofa böndum, landslag felur í sér hluti eins og hljóð, lykt og friðsæld og landslag á sér ból í sjálfsmynd fólks.
4. Ég geri athugasemd við það að Hvammsvirkjun í nýtingarflokk er ósjálfbær framkvæmd, þar yrði umhverfi árinna lagt í rúst og sökkt um aldur og ævi. Það er ekki sjálfbærni. Sjálfbærni er þegar umhverfi helst óraskað, en gefur samt af sér arð, eins og t.d. í ferðaþjónustu sem blómstrar á svæðinu. Í sveitunum sín hvoru megin árinna eru blómleg bú - á landnámsjörðum, þar hefur verið iðkuð sjálfbærni í næstum 1200 ár!
5. Ég geri athugasemd við það að það er í besta falli mikil óvissa um virkni mótvægisáðgerða hvað varðar laxastofninn í Þjórsá. Miðað við bollaleggingar um mótvægisáðgerðir er ljóst að með Hvammsvirkjun í nýtingarflokk yrði Þjórsá tilraunadýr, prótótýpa, hvað varðar marga þætti sem að búsvæðum laxins snýr, hvernig þeim myndi reiða af, eða göngum laxa um ána. Mér er ekki kunnugt um að fyrirhugað birtumagn í lóninu hafi verið kynnt. Ég minni aftur á Lagarfljót.
6. Ég mótmæli Hvammsvirkjun í nýtingarflokk vegna þeirrar spillingar og eyðileggingar á umhverfi sem hún myndi valda í og við Þjórsá. Ég mótmæli því að sökkva ætti stórum spildum af grónu landi, og þurrka upp árfarveg annarsstaðar og mynda risastór haugsvæði, en það leiðir af sér fok og svifryk sem er áþján fyrir fólk og land og heilsuspillandi. Nágrenni lóna eru iðulega barin og skafin af jarðvegsfoki og mótvægisáðgerðir máttlaust káf þegar svo miklir kraftar starfa í íslenskri náttúru, þ.e. íslenskur vindur og vatn.
7. Ég mótmæli Hvammsvirkjun í nýtingarflokk, því lónið myndi raska veðurfari, hafa kælandi og neikvæð veðurfarsleg áhrif.
8. Ég mótmæli Hvammsvirkjun í nýtingarflokk, því aðstæður á Suðurlandi kalla ekki á hana. Vaxtarbroddurinn er í ferðamennsku, en ekki virkjunum, ferðamenn langar ekki til að sjá þær. Nú þegar hafa fyrirætlanir Landsvirkjunar haft hamlandi áhrif á ferðamennsku.

9. Ég geri athugasemdir við hvaða áhrif á íslenskt og sunnlenskt samfélag Hvammsvirkjun í nýtingarflokk myndi hafa. Kárahnjúkar eru fólki enn í fersku minni, þar var íslensk vinnulöggjöf á undanhaldi og verktakar skiluðu lögboðnum gjöldum til hins opinbera þegar þeim sjálfum hentaði og annað eftir því.
10. Ég geri aðra athugasemd við hvaða áhrif á sunnlenskt samfélag Hvammsvirkjun myndi hafa. Yfirleitt við hverja einustu virkjun verða dauðaslys, jafnvel fleiri en eitt á hverjum virkjunartíma. Það má þess vegna segja að svona framkvæmdir séu eins og rúlletta. Einnig myndu fátækir, erlendir verkamenn (með fullri virðingu fyrir þeim) hópast hingað í stórum stíl langt að komnir, hvorki talandi, læsir né skrifandi á íslensku né ensku. Samfélag við Þjórsá myndi ekki ráða við þær hröðu breytingar sem slíkum viðbótarmannskap fylgir.
11. Ég geri athugasemd við Hvammsvirkjun í nýtingarflokk vegna þess að virkjanir eru ekki atvinnuskapandi til framtíðar fyrir fólk á svæðinu. Fólk á virkjunarsvæðum situr uppi með horfna náttúruvegur og spillt umhverfi, en þeir sem mættu á svæðið „að sunnan“, eða héðan og þaðan, og gerðu uppgrip í virkjunum, byggðu flottu húsin sín í borginni í rólegheitum á meðan. Aurar úr virkjunum hafa sterka viðleitni til að safnast á suðvestur-hornið, í sökklá, grunna og súlur í dýrum hverfum þar, ég gæti nefnt ýmis dæmi um það, bæði gömul og ný. En fólk í héraðum situr uppi með spillt umhverfi og ónýtt útsýni og enga atvinnu af virkjunum til framtíðar.
12. Ég geri alvarlega athugasemd við Hvammsvirkjun í nýtingarflokk, vegna þeirra sálrænu hörmunga sem það myndi leiða yfir marga einstaklinga í Gnúpverjahreppi (Skeiða- og Gnúpverjahreppi), af því landi yrði sökkt og ánni og umhverfi hennar spillt með framkvæmdunum. Frá Víðihlíð í Gnúpverjahreppi er eitt stórkostlegasta útsýni á Íslandi, yfir Þjórsá til Heklu, það vita þeir sem þekkja. Það er hörmulegt að horfa á gamalt fólk gráta. Þarna liggja sporin langafa og langömmu, afa og ömmu, pabba og mömmu. Ég á börn og barnabörn og geri tilkall til að þau og aðrir ófæddir afkomendur manns, Íslendingar og borgarar heimsins fái að njóta þess sama og við höfum notið. Við viljum ekki láta eyðileggja og sökkva umhverfi Þjórsár með Hvammsvirkjun. Hún ætti að fara í verndarflokk, hún hefur greitt sinn toll og á að fá að renna í friði.

Kristín Ása Guðmundsdóttir